

74. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,

haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag 28. febrúar, 2014, kl. 12:10.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvarsdóttir, Lára Hreinsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Baldur Garðarsson, Kristbergur Ó Steinarsson og Guðni Árnason.

Valgarður Reynisson og Sigurður Ingi Jóhannsson voru forfallaðir.

Dagskrá skv. fundarboði:

1. Sjálfsmatskannanir
 - Skólapúlsinn
 - Rannsóknir & Greining (ef niðurstöður komnar)
 - Stjórnendakönnun
2. Staða mótuneytisins um áramót
3. Reikningskil 2013 (drög eða endanleg skil ef tilbúin)
4. Möguleg röskun á skólastarfi – kjarabarátta kennara
5. Önnur mál
6. Framkvæmdir á Nös II skoðaðar

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa nemenda, Kristberg Ómar Steinarsson, og nýjan fltr. foreldra Guðna Árnason velkomna til nefndarstarfa. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Sjálfsmatskannanir

a. Skólapúlsinn

Páll hafði framsögu undir þessum lið og kynnti Framhaldsskólapúlsinn, en það er könnun sem var lögð fyrir nemendur skólans í nóvember s.l. 92% nemenda tóku þátt í könnuninni hér. Þá tóku 13 framhaldsskólar þátt. Páll fór yfir samantekt á því helsta sem könnunin leiddi í ljós um líðan nemenda og skólabrag.

Allmikið var rætt um það sem fram kom í kynningunni og ástæða þykir til að að vinna með nokkra þætti sem greina nemendur við skólann frá því sem niðurstaða fyrir landið gefur til kynna.

b. Rannsóknir & Greining (ef niðurstöður komnar)

Niðurstöður úr þessari könnun, sem var lögð fyrir nemendur í nóvember, liggja ekki fyrir enn.

c. Stjórnendakönnun

Páll hafði framsögu um skýrslu um stjórnendakönnun sem var lögð fyrir starfsfólk skólans desember og fór yfir nokkra þætti hennar. Að öðru leyti vísaði hann á skýrsluna á vef skólans. Hér er um að ræða sömu könnun og áður hafði verið lögð fyrir starfsfólk haustið 2006.

2. Staða mótuneytisins um áramót

Skólameistari fylgdi úr hlaði og áætluð rekstrarniðurstaða um áramót er jákvæð.

3. Reikningsskil 2013

Skólameistari fylgdi úr hlaði og dreifði rekstraryfirliti úr Oracle og og skýrði það. Skólinn fékk aukin nemendaígildi bætt að fullu. Skv. yfirlitinu hefur orðið til nokkur inneign hjá Ríkissjóði, en það hefur verið mikið aðhald í rekstri undanfarin ár og þörf orðin brýn á ýmsum sviðum, svo þessi staða kemur sér vel.

Um næstu áramót er áætlað að fasteignir flytjist frá Menntamálráðuneyti til Fasteigna ríkisins.

4. Möguleg röskun á skólastarfi – kjarabarátta kennara

Ekki liggur fyrir niðurstaða í atkvæðagreiðslu framhaldsskólakennar og stjórnenda í framhaldsskólum og því í raun fátt um þessi mál að segja á þessu stigi. Verði af verkfalli, er líkleg dagsetning 17. mars. Skólanefnd samþykkti að komi til verkfalls muni mötuneytisdagjald nemenda falla niður meðan verkfall stendur.

5. Önnur mál

- i. Form. spurði um rútuferðir í austurveg. Það mál hefur verið leyst.
- ii. Fltr foreldra spurðist fyrir um mögulega aukakennslu eftir verkfall, en því til svarað að slíkt verði mögulega hluti af því samkomulagi nýs kjarasamnings.
- iii. Skm dreifði spá um nemendafjölda næsta ár. Áætlunin gerir ráð fyrir að ársnemendur á haustönn verði 178. (Fskj 2) Til kynningar.
- iv. Skm dreifði blaði með rekstaráætlun 2014. (fskj 3), skýrði hana og svaraði spurningum um einstaka liði hennar. Til kynningar.
- v. Skm. greindi frá yfirstandandi, faglegri úttekt Rannsóknarstofunnar Sýnis, á mötuneytinu, en henni verður lokið á þessari önn.

6. Framkvæmdir á Nös II skoðaðar

Í fundarlok skoðuðu fundarmenn stöðu framkvæmda í NÖSII, en þeim á að ljúka í apríl.

Fundi í fundarherbergi slitið kl. 13:55

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason